



# Hålogalandsbrúin opnuð við hátíðlega athöfn í Noregi

## Ístak sá um vega- og gangagerð beggja vegna brúarinnar

Hålogalandsbrúin ásamt aðliggjandi vegtengingum og veggöngum var opnuð við hátíðlega athöfn í Narvik í Noregi þann 9. desember 2018. Forsætisráðherra Noregs Erna Solberg opnaði brúna að viðstöddum samgönguráðherra, vegamálastjóra og fjölda bæjarbúa í Narvik. Sjálf brúin er hengibrú 1533 m löng með lengsta haf upp á 1145 m. Ístak sá um alla vegagerð beggja vegna brúarinnar alls um 4,9 km ásamt tvennum stuttum veggöngum sem voru 270 m sunnan brúar og 330 m norðan brúar, auk tveggja minni ganga og bergsala svokallaðra „spredkammer“ þar sem burðarstrengir hengibrúar eru steiptir inn í bergið. Auk þess byggði Ístak 1100 m löng veggöng í Trældal í nágrenni við brúna.





Verkefninu, sem kostaði alls um 4 milljarða NOK eða tæpa 60 milljarða ISK, var deilt upp í þrjá megin samninga; vega- og gangagerð, steipt mannvirki (meginstólpa ásamt tengibrúm að þeim) og stálvirki brúarinnar (brúardekkið og kaplana sem halda brúnni uppi). Framkvæmdir við heildarverkið stóðu yfir í 6 ár en Ístak hóf framkvæmdir í febrúar 2013 og lauk sínum verksamning í september 2016. Var það eini verksamningurinn sem var lokið innan tímamarka, en í heild fóru framkvæmdirnar meira en ár fram yfir skiladagsetningu samninga. Verkefnið var eitt stærsta verkefni Ístaks á erlendri grundu og að því komu fjöldi Ístaksmanna, stjórnendur, gangagerðarmenn, jarðvinnumenn og smiðir ásamt undirverktökum, bæði íslenskum og norskum.

